

10.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 12.janúar 2011 og hófst kl. 19.00

Mætt voru: Kári, Auðunn, Sigurjón, Guðjón, Birgir og Gry. Birgir þurfti að yfirgefa fundinn 19.15.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.  
Stjórnin þakkaði ritara fyrir skýrar og gagnlegar fundargerðir.
2. Fréttir frá útbreiðslunefnd.
  - a. Í undirbúningi er stofnum kraftlyftingadeildar UMF Leiknis á Fáskrúðsfirði. Málið er vel á veg komið og **Guðjón** er í sambandi við heimamenn.
  - b. Kraftlyftingafélag Seltjarnarness – Zetorar var stofnað mánudaginn 10.janúar sl. Formaður og varaformaður voru viðstaddir stofnfundi. Búið er að veita félagið inngöngu í UMSK og verið er að leggja síðustu hönd á frágangi laga félagsins.
  - c. Stofnun kraftlyftingafélags er í undirbúningi í Garðabæ og er **Guðjón** tengiliður við þá.
3. Nýtt kraftlyftingafélag veitt aðild að KRAFT.  
Stjórnin ákvað að veita hinu nýstofnaða Kraftlyftingafélagi Seltjarnarness – Zetorar inngöngu í Kraftlyftingasamband Íslands. Þetta verður níunda aðildarfélag sambandsins. Ákveðið var jafnframt að gera undanþágu frá reglugerð um mótahald og leyfa félaginu að senda keppendur á Íslandsmótið í bekkpressu 29.janúar.
4. Reglugerð um félagaskipti.  
Stjórnin samþykkti reglugerð um félagaskipti.  
**Aðgerð: Gry** birtir reglugerðina á kraft.is og bætir í skjalasafnið
5. Undirbúningur undir þing sambandsins 29.janúar.  
Búið er að boða þingið löglega og eiga 25 fulltrúar rétt til þingsetu með kosningarrétti. Aðilar með málfrelsi og tillögurétt hafa líka fengið fundarboð.

Tillögur um skipun í embætti:

Þingforseti: ákveðið var að biðja Sturlaug Haraldsson að vera þingforseti og finna með sér varabingforseta.

Kjörbréfanefnd: Gry verður í forsvari og finnur með sér tvo aðila

Þingritari: Gry beðin um að taka það að sér. Hún talar við Maríu um að vera til vara.

Fjárhagsnefn: Kári fær með sér tvo aðila

Laganefnd: Guðjón talar við Helga og Hörð um að vera með sér.

Allsherjarnefnd: Sigurjón, Auðunn og Birgir.

Endurskoðendur/skoðunarmenn: Jóhann Pétur Sturluson, Páll Helgason.

Stjórnarkjör: eingöngu formaður er í kjöri. Sigurjón gefur kost á sér til endurkjörs.

Fulltrúar á þing ÍSÍ: Lagt verður til að Sigurjón og Guðjón verði fulltrúar KRAFT.

**Aðgerð: Sigurjón** semur skýrslu stjórnar og fylgist með að öll embætti verða mönnuð. **Kári** gengur frá reikningum og tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. **Kári** talar við Sturlaug um að vera þingforseti. **Gry** finnur vararitara og meðlimi í kjörbréfanefnd. **Guðjón** mannar laganefndina.

6. Verðlaun og viðurkenningar.

Á þinginu verða heiðruð kraftlyftingakarlar og –kona ársins og Hörður Magnússon sem varð fimmtugur fyrir stuttu. Verðlaun fyrir kraftlyftingafélag ársins 2010 verða líka afhent.

**Aðgerð:** Birgir útvegar gripina.

7. Önnur mál

Geymsla lóða.

KRAFT er að missa aðstöðuna til geymslu sem við höfum haft fram að þessu. Ákveðið var að láta kraftlyftingadeild Breiðabliks fá til sín lóð og stangir önnur en keppnisgræjurnar. Ákveðið var að kraftlyftingadeild Ármanns fengi til sín keppnisstöng.

Keppnissettin verða áfram í geymslunni um sinn.

Lágmörk fyrir setningu Íslandsmeta.

Bókuð var formlega samþykkt stjórnar á lágmörkum fyrir setningu Íslandsmeta. Þau hafa þegar verið birt á kraft.is

Þáttöku Auðuns Jónssonar á Arnold Classic, Pro Deadlift meet.

Bókuð var formleg samþykkt stjórnar að þátttöku Auðuns og ósk um velgengni.

Vegna fyrirspurn frá Kraftlyftingafélagi Akraness ítrekaði stjórnin að sú regla gildir að menn þurfa að hafa verið skráðir í sínu félagi í mánuð áður en þeir mega keppa á mótum KRAFT.

En er ófrágengið greiðslu aðgöngugjalds frá bikarmóti KRAFT í nóvember.

**Aðgerð:** Auðunn talar við Hjalta um málið.

Þetta var síðasti stjórnarfundur á starfsárinu og þakkaði formaður öllum stjórnarmönnum fyrir samstarfið á árinu.

Fundi slitið 20.30